

39. fundur stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja Fundargerð

Fundur haldinn fimmtudaginn 23. september 2021 kl. 14:30 að Garðvegi 1, Suðurnesjabæ.

Viðstaddir:

Björk Guðjónsdóttir, fulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands
Fríða Stefánsdóttir, stjórnarformaður og fulltrúi Suðurnesjabæjar
Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum
Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja
Nanna Kristjana Traustadóttir, fulltrúi Keilis
Þorvaldur Örn Árnason, varafulltrúi SSS

Guðmundur Grétar Karlsson, fulltrúi SSS komst ekki á fundinn og mætti Þorvaldur Örn Árnason, varafulltrúi í hans stað. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð.

Dagskrá fundarins:

1. Sumarið

Forstöðumaður sagði frá verkefnum og viðburðum sumarsins í Þekkingarsetrinu. Mikil aukning var á starfsmannafjölda með fjórum sumarstarfsmönnum. Fleiri gestir sóttu sýningar setursins en sumarið 2020 og voru nemendur leik- og grunnskóla 745 talsins.

2. Átaksverkefnið

Forstöðumaður sagði frá síðustu mánuðum átaksverkefnisins en sumarið var mjög viðburðaríkt með prufukeyrslu raungreinabúða og fjórum sumarnámskeiðum fyrir krakka á aldrinum 7-12 ára. Verkefninu lauk formlega 31. ágúst en vonandi getur orðið framhald á því á nýjum vettvangi. Erindi þess efnis var sent til stjórna SSS, Reykjanes Geopark og Markaðsstofu Reykjanes í lok júní síðastliðnum.

3. Fundur með MRN

Árlegur samráðsfundur með Þórarni Sólmundarsyni, fulltrúa Mennta- og menningar- málaráðuneytis var haldinn 15. september og gekk vel. Þar var farið yfir starfsemi setursins og komandi samningagerð við Þekkingarsetrin.

4. Framkvæmdir

Framkvæmdir skv. viðhaldsáætlun klárast á næstu vikum og verður þá búið að endurnýja þakglugga í gistirými og á baðherbergi sem löngu var orðin þörf á. Við framkvæmdina kom í ljós að þakjárn hússins er orðið mjög lélegt og nauðsynlegt að endurnýja það. Málið verður lagt fyrir byggingarfulltrúa Suðurnesjabæjar.

5. Starfsmannamál

Forstöðumaður sagði frá breytingum í starfsmannahaldi.

6. Önnur mál

Engin önnur mál.

Ákveðið að næsti fundur stjórnar verði fimmtudaginn 2. desember kl. 14:30

Fundi var slitið kl. 16:00.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.

Björk Guðjónsdóttir - sign

Halldór Pálmar Halldórsson - Sign

Fríða Stefánsdóttir - sign

Nanna Kristjana Traustadóttir - Sign

Þorvaldur Örn Árnason - Sign

Hanna María Kristjánsdóttir - Sign